

# Lokaskýrsla f. Kennslumálasjóð

**Verkefni:** Þróun og gerð námskeiðs sem styrkir undirstöður nemenda í tölvufærni.

Verkefnið hlaut styrk úr Kennslumálasjóði vorið 2020. Um sumarið 2020 voru þrír nemendur ráðnir í verkefnið og er námskeiðið nú kennt í fyrsta sinn á vorönn hjá Námsbraut í Tölvunarfræði. Einn nemendanna sem vann að gerð námskeiðsins vinnur sem dæmatímakennari í námskeiðinu og setur m.a. upp vikulegar æfingar fyrir nemendur.

Nemendurnir sem tóku þátt í verkefninu eru:

- **Sigríður Þóra Halldórsdóttir**, hún er með B.Sc. gráðu í stærðfræði og er núna að klára nám í tölvunarfræði. Hún er dæmatímakennari námskeiðsins vorið 2021.
- **Puríður Hilmarsdóttir**, er að klára B.Sc. gráðu í tölvunarfræði. Hún er að auki með meistargráðu í grafískri hönnun. Hún hannaði m.a. glærurnar sem notaðar eru í myndböndunum.
- **Pétur Bjarni Pétursson**, var að klára meistaranám í tölvunarfræði þegar verkefnið var unnið.

Verkefnastjóri var Hafsteinn Einarsson, lektor í tölvunarfræði. Allur styrkurinn sem hlaut fór í launakostnað fyrir nemendurna þrjá. Nemendur nýttu mikið aðstöðuna í Setbergi til að taka upp myndböndin og viljum lýsa yfir ánægju með hana. Við teljum að þessi aðstaða sé mjög gagnleg fyrir gerð námskeiða af því tagi sem við unnum við í þessu verkefni og mögulega ætti HÍ að skoða frekari fjárfestingu í slíkum innviðum ef stefnan er að þróa fleiri svona námskeið.

## Námskeiðið og markmið þess

Námskeiðið tekur við af eldra námskeiði sem hét *Tölvur og Stýrikerfi* ([TÖL106G](#)) og var kennt frá 2008 til 2017.

Nýja námskeiðið heitir *Tölvur, stýrikerfi og tölvufærni* ([TÖL108G](#)). Áherslurnar eru að hluta þær sömu og í eldra námskeiðinu en farið er yfir talsvert meira af efni. Allir fyrirlestrar námskeiðsins eru opnir á [Youtube](#).

Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur fyrir bæði nám í tölvunarfræði og atvinnulífið. Mikil áhersla er á stýrikerfið og hvernig hægt er að leysa almenn vandamál með skilvirkum hætti ef stýrikerfið er notað rétt. Farið er yfir mörg hugtök sem tengjast almennri tölvunarfræði. Það er staldrað stutt við mörg þeirra en þau eru svo tekin fyrir ítarlega í seinni námskeiðum.

## Núverandi staða

Miðmísseriskönnun fyrir vormisseri 2021 bendir til þess að almenn ánægja er meðal þeirra nemenda sem tóku þátt í könnuninni. Námskeiðið fær meðaleinkunnina 8.6 frá nemendum og


athugasemdir þeirra gefa til kynna að þeim líkar vel við fyrirkomulagið, sérstaklega því nemendur ráða því hvenær þeir setja tíma í námskeiðið.

Við sjáum tækifæri til að bæta námskeiðið í framtíðinni. Meðal annars með því að

- Bæta við fleiri fyrirlestrum og bjóða nemendum að velja áherslur sínar í námskeiðinu.
- Setja texta á alla fyrirlestrana.
- Uppfæra fyrirlestra m.t.t. nýrrar tækni og aðferða.

## Næstu skref

Námskeiðið verður nú kennt á haust- og vorönn af námsbraut í tölvunarfræði. Við viljum gjarnan að sem flestar námsbrautir skoði möguleikann á að nýta sér námskeiðið til að styrkja tölvufærni nemenda sinna.



## Hvað telur þú að hafi heppnast vel í þessu námskeiði ?

Gott að koma vikulega inn með nýtt efni, hjálpar manni að halda sér við efnið.

ahugavert og gott skipulag

Mjög vel skipulagt og sett up námskeið.

Frábært að fá alla fyrirlestrana inn á sama tíma þannig að man getur horft á sínum tíma.

vel skipulagt, skemmtilegt

---

Hingað til hefur þetta verið mjög gagnlegt og ég hefði alveg viljað fá þessar upplýsingar fyrir í náminu. Flott að þetta sé komið í námskeið núna. Er ánægð með að fá að stjórna yfirferðinni sjálf.

---

Vendikennslu hátturinn og frjálssleikin er æðislegur. Hægt að sinna þessu námskeiði vel með réttu skipulagi.

---

Mér finnst þetta mjög flottur áfangi og bara eitthvað sem ég hefði viljað fá að taka fyrir í náminu. Það er vel farið í hlutina í myndböndunum og sérlega vel gert þar sem við sáum innsláttin á lyklaborðinu. Það er eitthvað sem gleymist oft hjá kennurum sem hafa þessar shortcut í puttnum að við hin vitum ekkert. Mér finnst þetta eiginlega bara betra heldur en beinir fyrirlestrar því það er miklu meira skipulag og heildar yfirsýn yfir þessum áfanga.

---

## Hvað telur þú að bæta megi í þessu námskeiði ?

---

fleiri dæmi? kannski hugmyndir af verkefnum eða svona further reading dot

---

vantar kannski fleiri verkefni/ valfrjalst.

---

Mig langar að gera athugasemd við misræmi á gæðum upptakanna. Finnst svo augljóst sem dæmi að það var verið að lesa beint upp af blaði í fyrirlestri 2. Virkilega erfitt að hlusta á þetta, alveg lágmark að vera búin að undirbúa það sem þú ætlar að segja fyrirfram og þá taka upp aftur ef illa tekst til. Einnig finnst mér svolítið erfitt að sjá fyrir mér hvernig lokaprófið á að vera. Búið er að gefa upp að það muni svipa til verkefnanna, en verkefnin snúast oft mikið um að fletta upp skipunum í skelinni og prófa sig áfram. Hvernig verður það á prófi? Við munum ekkert geta fíktað við slíkt á blaði og finnst óraunhæft að við eigum að muna allar þessar skipanir og flögg utanað?

---

Það er ekkert sem mér finnst þurfa breyta. Þetta er mjög gott skipulag.